

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS
STARFSLEYFI
fyrir raforkuvinnslu / vatnsaflsvirkjun

Starfsstöð: Fljótsdalsstöð
Teigshúsum, 701 Egilsstaðir

Rekstaraðili: Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík
kt. 420269-1299

Útgáfudagur leyfis: 27. mars 2007 Gildir til: 27. mars 2019

Um er að ræða leyfi fyrir rekstri virkjunar til 690 MW rafmagnsframleiðslu, rekstri verkstæða, afgreiðslu fyrir bifreiðaeldsneyti, starfsmannabústað, mótuneyti og vatnsveitu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. og á grunni umsóknar dags. 19.1.2006 ásamt fylgigögnum.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

[Lög nr. 93/1995 um matvæli](#)

[Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs](#)

[Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni](#)

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda.

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

1.1. Virkjun

Virkjunin samanstendur af

- stíflum við Fremri-Kárahnjúk, Desjarárstíflu og Sauðárdalsstíflu.
- aðrennslisgöngum frá Háslóni yfir í stöðvarhús í Fljótsdal.
- frárennslisskurði úr stöðvarhúsi út í Jökulsá í Fljótsdal.
- lokubúnaði í Teigsbjargi, á gatnamótum aðrennslisganga við Axará, við inntak aðrennslisganga í Háslón og í botnrás Kárahnjúkastíflu. Í lokumannvirkjum er vél- og rafbúnaður til stjórnunar á hjóla- og geiralokum í vatnsvegum.
- stöðvarhúsi 800 m inni í Valþjófsstaðafjalli. Í stöðvarhúsinu eru vatnsvélar, rafalar, spennavirki og geymslur.

M.a. skal farið eftir

- almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsing nr. 582/2000 frá Umhverfisstofnun.
- Starfsleyfisskilyrði fyrir stórar spennistöðvar frá janúar 2004.

- [Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi](#)

Varðandi efni, notkun þeirra geymslur og magn vísast til meðf. gagna með umsókn um starfsleyfi dags. 19.1.2006.

Starfsemin flokkast sem virkjun, ÍSAT nr. 40.10.0.3

1.2. Vatnsveita

Borholur fyrir kalt vatn eru staðsettar neðan við hlaðhúsið á bakka Jökulsár í Fljótssdal og á Teigshúseyri.

Vatnstankur fyrir kæli- og neysluvatn er staðsettur í hlíðinni um 1 km innan og ofan við hlaðhús.

M.a. skal farið eftir

- [Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.](#)
- [Reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti](#)

Starfsemin flokkast sem einkavatnsveita, með matvælavinnslu, ÍSAT nr. 41.00.0.8. Gert er ráð fyrir sýnatöku af vatninu árlega í byrjun, en ef vatnsgæði virðast trygg mun sýnum fækkað.

1.3. Þjónustuhús

Þjónustuhús er staðsett á yfirborði framan við aðkomugöng stöðvarhúss.

Í þjónustuhúsi er verkstæðisaðstaða til viðhald á tækjabúnaði, mótuneyti, starfmannabúðir, skrifstofuaðstaða, varavél, díselbirgðatankur og sjálfsolíuafgreiðsla.

1.3.1. Verkstæðisaðstaða

Í aðstöðunni er eingöngu heimild til viðhalds og viðgerða á vélum og tækjum fyrirtækisins, en ekki utanaðkomandi tækja.

M.a. skal farið eftir

- [Starfsleyfisskilyrði fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur frá 2003.](#)
- [almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsing nr. 582/2000 frá Umhverfissráðuneyti.](#)
- [Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi](#)

Starfsemin flokkast sem viðgerðaraðstaða eigin véla, ÍSAT nr. 50.20.0.13

1.3.2. Mötuneyti

Um er að ræða mótuneyti með fullbúnu eldhúsi og matsal fyrir allt að 50 manns. Fastur starfsmaður (eða starfsmenn) verða í mótuneytinu.

M.a. skal farið eftir

- [Viðmiðunarreglum fyrir veitingastaði eða veitingasölu frá 2006](#)
- [Leiðbeiningum um innra eftirlit í matvælafyrirtækjum "Almennt innra eftirlit"](#)
- [Reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti](#)

Skýr krafa er um virkt og sýnilegt innra eftirlit í öllum matvælafyrirtækjum og gögn þar um skulu lögð fram a.m.k. einni viku áður en starfsemi hefst í mótuneytinu.

Starfsemin flokkast sem mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið allt að 50 gestir. ÍSAT nr. 55.51.0.1

1.3.3. Starfsmannabústaður

Í aðstöðunni er gístaðstaða fyrir allt að 6 manns í eins manns herbergjum með snyrtingum. Í aðstöðunni er auk setustofu o.þ.h. gert ráð fyrir heitum potti til afnota fyrir starfsmenn.

M.a. skal farið eftir:

- [Starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsmannabústaði](#)
- [Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti](#)

Starfsemin flokkast sem starfsmannabústaðir, litlir (<16 manns) ÍSAT nr. 55.12.0.4

1.4. Eldsneytisafgreiðsla

Eldsneytisafgreiðsla er við þjónustuhúsið. Um er að ræða 15.000 lítra forðadíseltank og sjálfsafgreiðsludælubúnað sem getur nýtt u.þ.b. 8.000 lítra úr tankinum. Eldsneytið er eingöngu ætlað til nota á vinnuvélar og ökutæki er tengjast rekstri virkjunarinnar.

M.a. skal farið eftir:

- [Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsing nr. 582/2000 frá Umhverfissráðuneyti](#)
- [Starfsreglur fyrir bensínstöðvar frá 2002.](#)
- [Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi](#)

Starfsemin flokkast sem bensínstöð, sjálfvirk, ÍSAT nr. 50.50.0.0

1.5. Fráveita

Fráveita frá salernum í stöðvarhúsi er leidd í sérstak hreinsivirki. Afkastageta hreinsivirkis er 5 persónueiningar og miðast við þriggja þrepa hreinsun. Fráveita frá þjónustuhúsi er leidd í 4.400 lítra rotþró tengdri við siturlagnir. Fituskilja er á fráveitu frá eldhúsi áður en hún er tengd inn á safnlögn til rotþróar. Einungis aðili með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlit má flytja og farga skólpi og seyru. Niðurföll á gólfi verkstæðis er tengt við olíuskilju. Fráveitu frá olíuskiljum má leiða í grjótsvelg eða siturlagnir ef tryggt er að minna en 15 ppm. af olíu séu í frárennslinu.

M.a. skal farið eftir:

- [Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsing nr. 582/2000 frá Umhverfissráðuneyti](#)
- [Reglugerð nr. 799/1999](#) um meðhöndlun seyru
- [Reglugerð nr. 798/1999](#) um fráveitur og skólp

1.6. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins og viðkomandi sorpsamlags. Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

M.a. skal farið eftir:

- [Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs](#)
- [Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs](#)
- [Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni](#)

1.7. Almenn umhverfi

Stór hluti yfirborðs á útisvæði í nánasta umhverfi mannvirkja er lagður bundnu slitlagi. Umgengni um lóð og athafnasvæði fyrirtækisins skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

2. Almenn ákvæði

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Að jafnaði skal endurskoða starfsleyfi á fjögurra ára fresti, sbr. reglug. 785/1999.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Árni Jóhann Óðinsson
heilbrigðisfulltrúi



28. mars 2007

Landsvirkjun – Fljótsdalsstöð
Georg Þór Pálsson
Teigshúsum, Fljótsdal
701 Egilsstaðir

Varðar starfsleyfi fyrir Fljótsdalsstöð

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur afgreitt umsókn þína dags.19.01.2007 og fylgir hér með starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands

Flokkun starfseminnar og gjaldskrá vegna eftirlits

Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands nr. 997/2006 flokkast starfsemin sem skv. eftirfarandi töflu. Í töflunni kemur fram tíðni eftirlits (1 = árlegt eftirlit, 0,5 = eftirlit annað hvert ár) og sýnataka eins og við á.

ÍSAT	Flokkun starfsemi	Tíðni eftirlits		eftirlitsgjald	sýnatökugjald	eftirlit- og sýnatökugjald	
40.10.0.3	Virkjanir	1	5,7	38.760		38.760	Ath.1
41.00.0.8	Vatnsveitur einka m matvælavinnslu	1	3,2	21.760	9.000	30.760	Ath.2
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða eigin véla	0,5	1,975	13.430		13.430	
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið allt að 50 gestir	1	5,2	35.360		35.360	
55.12.0.4	Starfsmannabústaðir, litlir (<16 manns)	0,5	1,725	11.730		11.730	
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1	4,2	28.560		28.560	

Ath. 1.

Í gjaldskrá HAUST hefur ekki verið gert ráð fyrir gjaldtöku vegna virkjunar af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir. Umrætt gjald hefur miðað við virkjanir á borð við Lagarfljótsvirkjun og Grímsárvirkjun. Augljóst er að Fljótsdalsvirkjun kallar á umfangsmeira eftirlit en þessar virkjanir, enda um allmargar starfsstöðvar að ræða þar sem stíflur og lokubúnaður sem þarf að skoða eru víðs fjarri eiginlegu stöðvarhúsi.

Í samtali við Georg Þór Pálsson hafa heilbrigðisfulltrúar óskað eftir að á næstu 2 árum verði tími í eftirlitsstörf vegna virkjunarinnar mældur og gjaldtekið í samræmi við tímamælingu og tímagjald í gjaldskrá HAUST, og þær upplýsingar síðan notaðar til að búa til gjaldflokk fyrir virkjunina, við endurskoðun á gjaldskránni.

Ath. 2.

Eins og fram kemur í starfsleyfinu verður vatnsveitan skoðuð árlega á næstu 2-3 árum, en síðan verður eftirlits- og sýnatökum fækkað ef í ljós kemur að vatnsgæði eru stöðug og trygg. Gjald vegna vatnsveitunnar munu þá lækka í samræmi við færri eftirlitsferðir.

Önnur eftirlitsgjöld verða skv. því sem fram kemur hér að ofan.

Starfsleyfisgjöld

Um leyfisgjöld segir í gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands nr. 997/2006:

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi og þjónustu eins og hér segir:

Ný starfsemi: Starfsleyfisgjald kr. 7.900
 og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
 ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

Þ.s. fullnaðarfrágangi þeirra þátta sem heyra undir starfsleyfið (sbr. tafla hér að ofan) var ekki lokið þegar aðstaðan var skoðuð tók skoðun 25.01 ekki til allra þátta sem starfsleyfið tekur til. Með hliðsjón af því verður reikningur í samræmi við ákvæði gjaldskrá HAUST sendur fyrir eftirtalda þætti þ.e.

	Kr.
eitt starfsleyfisgjald	7.900
kostnaður vegna auglýsingar	11.988
eftirlitsgjald fyrir virkjun	38.760
Samtals	58.648

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnisýslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 10 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst,

Árni Jóhann Óðinsson
heilbrigðisfulltrúi